


Sundlaugar á svæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða

Árið 2010 kom út ný reglugerð 814/2010 um sundlaugar og tekur hún á þeim þáttum sem snúa að öryggi gesta, bæði er snýr að gæslu, búnaði og síðan en ekki síst heilnæmi baðvatns. Aldrei má gleyma því ábyrgðarhlutverki sem felst í laugargæslu, því skiptir þjálfun starfsfólks gríðalegu máli. Miklar framfarar hafa verið meðal rekstraraðila sundlauga þegar kemur að þjálfun og hafa langflestar laugar á svæðinu sent alla sína starfsmenn í hæfnispróf. Annað mikilvægt atriði við rekstur sundlauga er heilnæmi baðvatns, með aukinni aðsókn eykst álag á hreinsivirki sundlauga. Því er mikilvægt að klórstyrkur baðvatns sé mældur 2svar sinnum á dag að lágmarki og styrkur hans sé ávallt á því bili sem kveðið er á í reglugerðinni. Sjúkdómar, þar á meðal mjög alvarlegir geta borist með baðvatni, þeir algengustu eru sýkingar í slímhimnum (augum, eyrum, hálsi og nefi), sárum og rispum á húð. Í töflu 1 má sjá þær laugar sem hafa komið best út sé tekið mið af sýnatökum undanfarinna ára.

Tafla 1: Sýnir þær laugar sem hafa oftast hlutfallslega staðist skv reglugerð 814/2010 m.s.br.



Árið 2015 kom út reglugerð 460/2015 sem tekur á baðstöðum í náttúrunni. Markmið hennar er að stuðla að öryggi og öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúrunni. Til að laug flokkist sem náttúruleg þá þarf laugin og bakki hennar að vera mynduð af náttúrinna hendi. Náttúrulegar flokkast í 3 flokka og eru 2 fyrstu þeir staðir þar sem rekstur fer fram annaðhvort reglubundinn eða tilfallandi. Þeir flokkar eru starfsleyfis skyldir hjá okkur. Til að gæta öryggis á þeim stöðum þarf að liggja fyrir neyðaráætlun, viðbragðsáætlun, öryggisbúnaður og þjálfun starfsfólks. Sýnataka úr laug í flokki 1 eru 10 sýni á ári en 2 sýni í 2.flokk. Mörk saurkólí baktería eru töluvert rýmri en miðað hefur verið við í reglugerð um fráveitur og skólþ. Aftur á móti má ekki vera til staðar *p.aeruginosa* baktería en sú baktería er tiltölulega algeng í þeim sýnum sem við höfum verið að taka. Á allra síðustu dögum kom út breyting á þessari reglugerð þar sem svokallaðar afþreyingarlaugar er bætt inn í þessa reglugerð og verður því loksins hægt að flokka þær laugar sem ekki hafa verið skilgreindar sem náttúrulegar. Þess ber að geta að afþreyingarlaugar flokkast allar í 1. eða 2. flokk og eru því starfsleyfis skyldar og gerð krafa um annaðhvort 10 eða 2 sýni á ári. Heilbrigðisnefnd getur heimilað eða fyrirskipað sótthreinsun, til að draga úr gróðurmyndun og til að sótthreinsa vatnið hafi gerlafjöldi mælst endurtekið yfir hámarksgildum. Tafla 2 sýnir niðurstöður sýna úr þeim laugum sem hafa komið illa út úr sýnatöku þegar miðað er við gæðakröfur sundlaugareglugerðar 814/2010.

Tafla 2: Sýnir þær laugar sem standast sjaldnast skv reglugerð 814/2010 m.s.br

